


AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2.9	Mótt. af GJÓ	Mótt. dags 15 JULÍ 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili St.A	Afrit RA St.A
Símtal	Tölvup.	Fax AÓ/SA
Svarfr.	Frún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1507069		



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 10. júlí 2015  
Tilv.: IRR14100006/21.13.4

Eins og fram kom í frétt frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 26. júní sl. samþykkti innanríkisráðherra tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að áætluðu uppgjóri framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2015. Áætlað uppgjör tekur mið af áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 3.459,1 m.kr. á grundvelli fjárlaga ársins 2015 og uppgjóri á lögbundnu framlagi frá ríki vegna ársins 2014.

Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga á árinu 2015 frá því í október sl. var miðaður við álagningarstofna fasteignaskatts frá 31. desember 2013 og álagningarhlutföll á árinu 2014. Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 80/2001 nam fyrirframgreiðsla framlaganna til sveitarfélaganna 60% af áætluðu framlagi ársins eða samtals 2.009,3 m.kr.

Áætlað uppgjör framlaganna á árinu 2015 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2014 sem gilda fyrir árið 2015. Þar er tekið tillit til aðlögunar að breytingum á fasteignamati vegna atvinnuhúsnæðis sem fram fer á árunum 2015 og 2016, sbr. ákvæði í 2. gr. laga, nr. 135/2014, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, upplýsingum frá sveitarfélögum um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2015, og álagningarhlutföllum fasteignaskatts á árinu 2015. Þá er tekið tillit til álagningar á tilteknar tegundir fasteigna (útihús), sbr. breytingu nr. 56/2012 á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til áætlunar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna á árinu 2015 að frádreginni fyrirframgreiðslu framlaganna í febrúar til júní sl. kemur áætlað uppgjör framlaganna að fjárhæð 1.449,8 m.kr. til greiðslu með þremur jöfnum greiðslum mánuðina júlí, ágúst og september nk. eða 483,3 m.kr. í hvert sinn.


Hafi orðið verulegar breytingar á úthlutun framlaganna til einstakra sveitarfélaga frá áætlun, sem birt var í október 2014, má aðallega rekja þær til eftirfarandi þátta:

- Breytingar á fasteignamati vegna atvinnuhúsnæðis, sbr. ákvæði laga nr. 135/2014.
- Breytingar á álagningarhlutföllum fasteignaskatts, sbr. a- og c- flokk.
- Hækkun á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaganna um 3,3% eða 110,2 m.kr.
- Breytingar á fasteignamati og álagningarhlutföllum hjá öðrum sveitarfélögum.

Hvað úthlutun og greiðslur framlaga til einstakra sveitarfélaga varðar þá er bent á upplýsingar þar að lútandi á vefsíðu sjóðsins: [jofnunar sjodur.is/uthlutanir/uthlutanir-2015](http://jofnunar sjodur.is/uthlutanir/uthlutanir-2015). Ef óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um úthlutun framlaganna er starfsmönnum sveitarfélaga bent á að hafa samband við Berg Sigurjónsson, sérfræðing hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

  
Elín Pálsdóttir

  
Bergur Sigurjónsson